Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 72

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911 hinn 27. dag maímánaðar var haldinn fundur í byggingarnefndinni og voru þá tekin fyrir þessi mál:

1. Jóhannesi Magnússyni, Bræðraborgarstíg 15 leyft að gjöra inngönguskúr 7×3 al. að stærð við norðurgafl húss hans þar. –
2. Einari Sveinssyni og Helga Helgasyni leyft að byggja málmbræðsluhús úr steinsteypu á lóð þeirra nr. 6 við Hverfisgötu. Húsið er 8°×12° að stærð og á að standa við vesturtakmörk lóðarinnar sunnantil. –
3. Guðna Símonarsyni leyft að gjöra steinsteypuskúr við norðurgafl hússins nr. 8 við Óðinsgötu. Skúrinn er 10×7 al. að stærð. –
4. R. P. Levi leyft að færa til reykháf í húsinu nr. 4 við Austurstræti. Verkið skal framkvæma eptir nánari fyrirskipun og undir sjerstakri umsjón byggingarfulltrúans. –
5. Guðríði J. Jónsdóttur leyft að breyta geymsluhúsi á lóðinni nr. 33 við Laugaveg í íbúðarhús með því skilyrði að dragari verði settur undir gólfbita og aðrar breytingar og umbætur gjörðar á húsinu eptir því sem byggingarfulltrúinn segir fyrir. Á efsta lopti má þó ekki vera íbúð nema á kvistherberginu á suðurhlið. –
6. Sömu konu leyft að gjöra geymsluhús 6×6 álnir að stærð á sömu lóð. –
7. Tryggva Gunnarssyni leyft að gjöra reykingarhús 8×5 al. á Arnarhólslóð, að tilskyldu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfi stjórnarráðsins og með skilyrði því, at það verði tekið burtu þegar bæjar-stjórn krefst þess. –

Allir á fundi nema Jón Jensson Rögnvaldur Ólafsson og Guðm. Olsen.

Fundi slitið

Páll Einarsson

Tryggvi Gunnarsson K. Zimsen

B. Jónsasson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg undirritaður að biðja hina heiðruðu byggingarnefnd í Reykjavík að veita leyfi sitt til og mæla mjer út af lóð minni við hús mitt pláss undir forstofu er jeg hefi í hyggju að byggja nú þegar og verður forstofa þessi eins og meðfylgjandi teikning sýnir. Samþykki á þessari beiðni minni óska jeg að fá á næsta byggingarnefndarfundi.

Reykjavík 24 Mai 1911

Jóhannes Magnússon

Bræðraborgarstíg

Til

byggingarnefndarinnar

Reykjavík

B. Rvk. 299/1911 B.J. 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Háttvirt byggínga nefnd!

Við undirritaðir leitum hjer með samþykkis yðar háttvirt byggínga nefnd að meiga byggja úr steinsteypu málm bræðsluhús á suðvestur parti baklóðar okkar Hverfisgötu 6. Eftir meðfylgjandi uppdrætti

húsið er 8x12° meðalhæð 5° með 1. dyrum og gluggum á þaki

Við vonum að þjer afgreiðið þessa okkar beiðni nú á næsta byggínganefndafundi.

Virðíngarfyllst.

Reykjavík 24 mai 1911

Helgi Helgason Einar Sveinsson

B. Rvk. 300/1911 By. 11

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, þ. 10. maí 1911.

Jeg undirritaður leyfi mjer virðingarfyllst að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún leyfi mjer að bæta við norðurenda húss míns, sem stendur við Óðinsgötu, samkv. meðfylgjandi uppdráttum.

Viðbótin verður úr steinsteypu.

Virðingarfyllst
pr. Guðni Símonarson
gullsmiður
E. Erlendsson

Til byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rok. 24/5 1911 By. 11.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# R. P. LEVÍ

4. Austurstræti 4. Tóbaksverzlun.

*Hollenskir vindlar af fyrsta flokki*
*og*
*alls konar tóbak.*
*Verðið lægra en annarsstaðar.*

Reykjavík 27/5 1911
Pósthólf (Box) 103.

Eg undirritaður leyfi mér hérmeð að fara þess á leit, að hinni háttvirtu byggingarnefnd þessa bæjar þóknaðist að gefa sitt samþykki til að eg mætti rífa niður múrpípu þá sem er í húsi því er eg hefi verzlun mína í í Austurstræti 4. og hlaða hana upp í sama formi, á öðrum stað í húsinu.

Þess skal getið að í húsinu verður engin íbúð, og því ei önnur eldfæri en 2 ofnar.

Virðingarf.
R. P. Leví

Til Byggingarnefndar
B. Rvk.

302/1911 By. 11.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eg vil fara þess á leit við hina Háttvirtu byggingarnefnd. Reykjavíkur að hún vilji svo vel gjöra og leifa mér Íbúð í Húseign minni sem verður Nr 2 við Vatnsstíg hér í bæ. og er orðin Innréttuð til Íbúðar samkvæmt áður sendum uppdrætti og Skuldbynd ég mig til að gjöra það sem byggingarfulltrúi álítur að gjöra þurfi til þess að áður nefnd bygging sjé byggingarsamþykt Reykjavíkur fullnægjandi. Enn fremur mælist ég til að hin Háttvirta byggingarnefnd. leifi að flytja í áður nefnd Hús þar er að það er að mestu leiti fullgjört.

Enn fremur mælist ég til að hin Háttvirta byggingarnefnd leifi mér að byggja geimsluhús og Salerni eins og áður sendur uppdráttur sínir

Reykjavík 24. Mai 1911
Virðingarfylst.

Guðríður J. Jónsdóttir.

Til Byggingarnefndar. Reykjavíkur.

B. [illegible] 303/ [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur